



FJÖLMIÐLANEFND

Alþingi
Alþingishúsið v/Austurvöll
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. nóvember 2012
Mál nr. 2012-158 / 0.4

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu

Fjölmiðlanefnd vísar til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 19. október sl. þar sem óskað var eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna frumvarps til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðils í almannabágu (Þingskjal 197 – 194. mál). Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið var áður til meðferðar á 140. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju með þeim breytingum sem lagðar voru til í breytingartillögu meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar. Hefur fjölmiðlanefnd kynnt sér efni frumvarpsins þar sem fimm greinar snúa sérstaklega að fjölmiðlanefnd og aðkomu hennar. Um er að ræða 7., 13., 15., 16., og 17. gr. frumvarpsins.

Með umsögn fjölmiðlanefndar dags. 14. maí 2012 til allsherjar- og menntamálanefndar vegna fyrra frumvarps (Þingskjal 1186 - 748. mál) kom fjölmiðlanefnd á framfæri sjónarmiðum vegna framangreindra greina. Fjölmiðlanefnd vísar til fyrri umsagnar og ítrekar þær athugasemdir sem fram koma í umsögninni að öðru leyti en vegna ákvæðis 13. gr. frumvarpsins og 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Fjölmiðlanefnd telur nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um ákvæði 13. gr. frumvarpsins en ákvæðið hefur tekið breytingum frá því að frumvarpið var lagt fram á fyrra þingi.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er hægt að skjóta ákvörðun Ríkisútvarpsins um óskir um andmælarétt til fjölmiðlanefndar, sbr. lög um fjölmiðla nr. 38/2011. Málskotsfrestur er fjórar vikur frá því að ákvörðun Ríkisútvarpsins liggur fyrir. Í athugasemdum við ákvæðið segir hins vegar að aðeins sé átt við athugasemdir og kvartanir er lúta að efnismeðferð og umfjöllun um einstök málefni og óskir um andmælarétt, sem hægt er að skjóta til fjölmiðlanefndar, sbr. lög um fjölmiðla nr. 38/2011, þ.e. að málið heyri undir lögsögu fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd telur að framangreint ákvæði sé nokkuð óljóst m.t.t. þess orðalags sem fram kemur í tilvitnaðri grein frumvarpsins. Ekki er ljóst hvort málskot nái aðeins til andmælaréttar eða hvort það nái jafnframt til athugasemda og kvartana er lúta að efnismeðferð og umfjöllun um einstök málefni. Þá telur fjölmiðlanefnd afar óheppilegt að kveða á um málskot ákvörðunar slíks opinbers hlutafélags til opinberrar

stjórnsýslunefndar.

Fjölmiðlanefnd bendir á að samkvæmt 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 geta allir sem telja að lögmætir hagsmunir sínir hafi beðið tjón af því að rangt hafi verið farið með staðreyndir beint erindi til fjölmiðlanefndar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins er skýrt kveðið á um það að lög nr. 38/2011 um fjölmiðla gildi um Ríkisútvarpið með tilteknum skýrum undantekningum. Þannig ber Ríkisútvarpinu að fylgja ákvæði 36. gr. vegna andsvarsréttar aðila og fjölmiðlanefnd hefur skýra aðkomu að slíkum málum skv. 4. mgr. 36. gr. Með 2. máls. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins er frestur aðila til að vísa máli til fjölmiðlanefndar fjórar vikur en samkvæmt fjölmiðlalögum eru engir slíkir tímafrestir þó að fjölmiðlanefnd sé gert að taka ákvörðun innan viku frá því að aðili beinir erindi til nefndarinnar. Þannig munu ólíkar reglur að þessu leytnu til gilda vegna andsvara í Ríkisútvarpinu en hjá öðrum fjölmiðlum án þess að fram komi að rökstudd efnisleg nauðsyn standi til þess. Fjölmiðlanefnd telur því, og með vísan til fyrri umsagnar, að betur færi á því að 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins yrði felld brott.

Þá telur fjölmiðlanefnd, til samræmis við 1. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, að ákvæði 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins verði skýrt betur og kveðið á um að viðskiptaboð skuli skýrt afmörkuð frá öðru dagskrárefni Ríkisútvarpsins en ekki vísað til auglýsinga eins og gert er í ákvæðinu. Samkvæmt fjölmiðlalögum falla bæði kostunartilkynningar og auglýsingar undir hugtakið viðskiptaboð og með þessari breytingu myndi framangreind regla líka eiga við um slíkar tilkynningar.

Fjölmiðlanefnd telur jafnframt ástæðu til að vísa með skýrum hætti til 2. gr. og VI. kafla laga um fjölmiðla nr. 38/2011 í frumvarpi til laga um Ríkisútvarpið hvað varðar skýringar á hugtökunum viðskiptaboð, auglýsingar og kostun. Í greinargerð með frumvarpinu segir að greinin feli í sér frávík frá lögum um fjölmiðla. Fjölmiðlanefnd telur ástæðu til að útlista betur í hverju frávikin felast og árétta að efnisreglur VI. kafla laga um fjölmiðla, að frátöldum sérreglum frumvarpsins, gilda um Ríkisútvarpið.


Vísað er til fyrri umsagnar um önnur atriði en bent á að með frumvarpinu verður um nokkur nýmæli í verkefnum fjölmiðlanefndar að ræða, svo sem mat fjölmiðlanefndar á því hvort Ríkisútvarpið hafi uppfyllt almannaþjónustuhlutverk sitt og mat á nýrri fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Í áliti fjármála- og efnahagsráðuneytisins er fjallað um útgjöld A-hluta ríkissjóðs vegna starfsemi stofnana sem frumvarpið tekur til. Fjölmiðlanefnd ítrekar athugasemdir sínar við kostnaðarmat fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem ekki er tekið tillit til þess að fjölmiðlanefnd muni þurfa að meta nýja þjónustu í almannabágu, en óvíst er hvernig framkvæmd hennar verður og hversu ítarlegt slíkt mat þurfi að vera. Þá er einungis gert ráð fyrir því að Ríkisútvarpið beri kostnað af mati óháðra sérfræðinga og þarf samþykki Ríkisútvarpsins fyrir því. Fjölmiðlanefnd mun því þurfa að bera kostnað af öðrum þáttum matsins.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir fjölmiðlanefnd ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Fjölmiðlanefnd telur þó nauðsynlegt að gert sé ráð fyrir kostnaði af þeim verkefnum sem leggjast á fjölmiðlanefnd og ekki er fjallað um í kostnaðarmati fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Fjölmiðlanefnd áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri vegna frumvarpsins á síðari stigum verði gerðar breytingar á því.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar



Elfa Ýr Gylfadóttir



Dalla Ólafsdóttir